

# Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfnar haldinn á Þingborg fimmtudaginn 11. maí 2023 kl. 11:30.

## Mættir eru:

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps*

*Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps*

*Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps*

*Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar*

*Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps*

Auk þeirra mættu til fundarins Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri velferðarþjónustu og Gunnlaug Hartmannsdóttir, deildarstjóri skólaþjónustu.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Formaður, Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnáði.

## 1. Fréttir frá deildarstjórum skóla- og velferðarþjónustunnar.

Anný og Gunnlaug fóru yfir helstu málefni sem nú eru í gangi hjá þjónustunni. Starfsemin er að komast í góðan gang og stjórnendur skóla á starfssvæðinu hafa verið vel upplýstir um starfsemina. Haldinn var fundur með stjórnendum leikskóla í apríl sem mæltist vel fyrir. Rætt um nauðsyn þess að bæta enn frekar þjónustu við eldra fólk og í því sambandi var rætt um mikilvægi dagdvalar. Tveir verktakar sinna sálfræðingsþjónustu þar sem ekki hefur tekist að ráða sálfræðing. Hefur verktakan reynst vel og góð vinna í gangi í málum. Gunnlaug er ekki komin að fullu til starfa en það mun gerast í síðasta lagi í lok júní.

## 2. Mönnun og auglýsingar.

Samþykkt var á sínum tíma að ráða í 80% stöðu ráðgjafa í skólaþjónustu en sú staða hefur ekki enn verið auglýst. Engar umsóknir bárust um stöður sálfræðings eða talmeinafræðings. Gunnlaug leggur til að ráðið verði í 100% stöðu uppeldis- og kennsluráðgjafa.

Eftirtaldir breytingar eru framundan eða orðnar að veruleika: félagsráðgjafi er kominn í 80% starf og mögulega verða breytingar á öðrum stöðum og þá frekar til lækkunar á stöðuhlutfalli. Einnig er nú óskað eftir að ráðning sérfræðings á sviði málefna fatlaðs fólks verði framlengd.

Stjórn samþykkir að framlengja samning við starfsmann um málefni fatlaðs fólks í 40% stöðu til eins árs með sömu formerkjum og áður.

Stjórn samþykkir að auglýsa stöðu uppeldis- og kennsluráðgjafa sem 80-100% stöðu. Óski hæfasti umsækjandinn eftir að vera í 100% starfi er sú ráðning heimil.

Jafnframt samþykkir stjórn samhljóða að fela Anný Ingimarsdóttur, deildarstjóri velferðarþjónustu og Gunnlaugu Hartmannsdóttur, deildarstjóri skólaþjónustu að annast ráðningarnar fyrir hönd Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfnar bs.

**3. Launrétt 2 – Tilboð frá TRS o.fl.**

Afar slæmt ef nokkuð netsamband er í hluta húsnæðis sem Skóla- og velferðarþjónustan hefur til afnota og er brýnt að bætt verði úr því hið fyrsta Helga falið að kanna þá möguleika sem í boði eru til að tryggja gott netsamband í húsnæði þjónustunnar.

**4. Mánaðarlegt framlag sveitarfélaganna til SVÁ.**

Rætt um nauðsyn þess að til sé einhvers konar sjóður sem grípi þá reikninga sem falla til yfir mánuðinn og eins að fyrirfram séu til fjármunir til að greiða laun og annað um mánaðamót.

Stjórn samþykkir að Hrunamannahreppur kalli eftir fjármunum hjá aðildarsveitarfélögunum í samræmi við ofangreint.

**5. Vinnustofa II: stjórn, fagnefnd, stjórnendur og starfsfólk.**

Stjórn samþykkir að vinnustofan verði haldin í haust og auglýst tímanlega.

**6. Sérstök opnun á húsnæði í Laugarási.**

Stjórn samþykkir að húsnæðið verði opnað með viðhöfn í haust.

**7. Efni til kynningar:**

- Undanþága frá lágmarksíbúafjölda barnaverndar.
  - Undanþága hefur fengist og gildir hún út árið 2023.
- Samkomulag um bakvaktir
  - Samkomulag hefur verið undirritað milli Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna, Hveragerðisbæ og Sveitarfélagsins Ölfuss um bakvaktir barnaverndar. Greiðslur vegna þessa eru á sama grunni og áður var.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:00.